



Reykjavík, 10. júní 2025
MSS25060053

FYRIRSPURN

Fyrirspurn fulltrúa Samfylkingar, Pírata og Sósíalistaflokks Íslands um Betri borg fyrir börn

Á fundi aðgengis og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks 16. janúar 2025 var kynning á Betri borg fyrir börn merkt **MSS25010173**. Á fundinum voru spurningar sem tengdust persónuvernd í sambandi mið samþykki, samþættingu og heimildir að gögnum og var þeim flestum svarað. Í kjölfarið voru nokkrir þættir eftir og er þeim lýsi í þessari fyrirspurn. Óskað er svara um:

1. Er til tæmandi listi lagaramma verkefnisins hvað varðar söfnun, vinnslu, vistun, eyðingu og aðgangsheimildir að gögnum um börn? Í kynningu kom fram 90/2018 og 86/2021.
2. Hvernig fer mat á þroska á barni fram í sambandi við að veita samþykki á samþættingu?
3. Er farið fram á samþykki beggja foreldra eða einungis lögheimilishafa þegar veit er samþykki á samþættingu?
4. Er aðgangur að gögnum um barnið gefið til annara en barnaverndar og lögreglu?
5. Hvernig er aðgangsstýringar varðandi þessi gögn um barnið háttaðar varðandi barnavernd og lögreglu?
6. Hversu lengi eru aðgangsheimildir gefnar og á hvaða forsendum?
7. Var gert mat á áhrifum slíkra samþættingu gagna á framtíð barnsins með tilliti til hver hefur aðgang að þeim, hversu lengi þau eru vistun og með hvaða hætti þau eru vistuð og eydd?
8. Er upplýst samþykki bæði tryggt og endurmetið með skipulögðum hætti frá foreldri/um og barni?
9. Var gert mat á aðgengi lögreglu að þessum gögnum í málum er varða kærur kynferðislegu ofbeldis og þar sem gögn úr þessu/m kerfum gætu verið metin hluti máls, nánar tiltekið í málum þar sem réttarstaða brotaþola er takmörkuð og meintur gerandi hefur aðgang að gögnum máls?

Greinagerð:

Í stuttu máli eru kerfi fyrir sögu barnsins voru í vinnslu (byrjun 2025) og er eitt að markmiðum verkefnisins að upplýsingar fylgja barni í gegnum leikskóla og svo grunnskóla. Gögn eru vistuð á Microsoft vettvangi borgarinnar. Á fundinum var vísað í v90/2018 - Lög um persónuvernd sem og 86/2021 - Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Þá var ekki ljóst hvort lagarammi verkefnisins hvað varðar söfnun, vinnslu, vistun, eyðingu og aðgangsheimildir að gögnum um börn felur í sér fleiri lög.



Reykjavík



Aðgangsheimildir

Á fundinum kom fram að með ósk eða samþykki foreldra og/eða barns er hægt að samþætta upplýsingar um barnið, sem sagt að leyfa kerfum sem vista gögn um barnið aðgang þeirra á milli. Það kom fram að barn getur óskað eftir samþættingu ef metið er að það hefur þroska til. Með því að samþykkja samþættingu hefur barnavernd og til dæmis lögreglan aðgang að gögnum um barnið. Ekki náðist tími til að fara betur í hvernig mat á þroska á barni fer fram né hvort farið er fram á samþykki beggja foreldra eða einungis lögheimilishafa. Rætt var á fundinum að Barnavernd og Lögregla séu veitt aðgangur að gögnum um barnið enn ekki var farið nánar út í hvort veitt sé aðgangur til annara en barnaverndar og lögreglu. Þar sem stuttur tími slíkjanlega gefst til kynninga á slíkum fundum, náðist ekki að fara yfir aðgangsstýringar varðandi þessi gögn um barnið séu háttáðar almennt og svo varðandi utanaðkomandi skipulagsheildum, hversu lengi og á hvaða forsendum slíkar eru veittar.

Áhættugreining

Samþætting upplýsinga hefur kosti og galla sérstaklega þegar um viðkvæmar persónugreinanleg gögn er að ræða og vert er að skoða og endurskoða mat á áhrifum slíkra samþættingu gagna á framtíð barnsins með tilliti til hver hefur aðgang að þeim, hversu lengi þau eru vistun og með hvaða hætti þau eru vistuð og eydd. Sama á við um upplýst samþykki bæði að tryggja og endurmeta með skipulögðum hætti.

Mál er varða kærur kynferðislegu ofbeldis og þar sem gögn úr þessu/m kerfum gætu verið metin hluti máls, nánar tiltekið í málum þar sem réttarstaða brotþola er takmörkuð og meintur gerandi hefur aðgang að gögnum máls geta börn og ungmenni verið sérstaklega óvarinn í kerfum. Dæmi um lög sem kunna hafa slíkar heimildir fallnar í sér: Blygðunarsemisbrot (209. gr), kynferðisbrot gegn börnum (200.-202. og 204. gr), nauðgun (194.1, 194.2), kynferðislega áreitni og stafræn kynferðisbrot (199 og 199a) og Barnaníð. Myndir, myndskleið eða annað efni (210a.-210b. gr.) Mikilvægt er að tryggja réttindi barna til framtíðar sértaklega í gagnasöfnun og samþættingum.

